

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2163/2001

2003/EES/6/31

frá 7. nóvember 2001

um tæknilegt fyrirkomulag gagnaflutninga fyrir hagskýrslur um vöruflutninga á vegum(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

nefndarinnar sem komið var á fót með ákvörðun
ráðsins 89/382/EBE, KBE ⁽³⁾.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/98 frá
25. maí 1998 um hagskýrslur um vöruflutninga á vegum ⁽¹⁾,
eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmda-
stjórnarinnar (EB) nr. 2691/1999 ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 5. gr.
og 9. gr.,

1. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tæknilegt snið gagnasendinga til framkvæmdastjórnarinnar
(Hagstofu Evrópubandalaganna) er skilgreint í viðauka við
þessa reglugerð.

1) Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB)
nr. 1172/98 skal framkvæmdastjórnin ákveða fyrir-
komulag við gagnaflutninga aðildarríkjanna.

Aðildarríkin skulu nota þetta snið fyrir gögn sem eiga við
um viðmiðunarárið 2002 og árin þar á eftir.

2. gr.

2) Nauðsynlegt er að tilgreina snið gagna, sem send
skulu Hagstofu Evrópubandalaganna, nægilega ítar-
lega til að tryggja að vinna megi gögnin hratt og af
kostnaðarhagkvæmni.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu
Evrópubandalaganna) þau gögn og lýsigögn, sem krafist er í
þessari reglugerð, á rafrænu formi í samræmi við staðal um
gagnaskipti sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópu-
bandalaganna) leggur til.

3. gr.

3) Þessi reglugerð breytir ekki stöðu breytna sem sagðar
eru valfrjálsar í reglugerð (EB) nr. 1172/98.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún
birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari
reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunar-

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Pedro SOLBES MIRA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 291, 8.11.2001, bls. 13, var nefnd í
ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2002 frá 31. maí 2002 um
breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn. Sjá EES-
viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 44, 5.9.2002, bls. 19.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 163, 6.6.1998, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 326, 18.12.1999, bls. 39.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

VIÐAUKI

TÆKNILEGT SNIÐ GAGNASENDINGA

1. UPPBYGGING GAGNA

Gagnaskrár, sem skal senda Hagstofu Evrópubandalaganna fyrir hvern ársfjórðung, skulu samanstanda af þremur samtengdum gagnasöfnum, sem ná yfir:

A1 breytur tengdar ökutæki


A2 breytur tengdar ferð

A3 breytur tengdar vöru (í grunnflutningum).

Sérhver „ökutækjaskrá“ (gagnasafn A1), er tengd 1-n „ferðaskrá“ (gagnasafn A2) þar sem eru gögn um ferðir viðkomandi ökutækis á eftirlitstímabilinu (yfirleitt ein vika). Sérhver ferðaskrá er svo aftur tengd 0-m „vöruskrá“ (gagnasafn A3) sem innihalda gögn um grunnflutninga þeirrar ferðar.

Á 1. mynd má sjá uppbyggingu gagnanna.

Taka ber fram að ekki eru endilega margar vöruskrár fyrir hverja ferðaskrá.



1. mynd: Uppbygging gagna

Í ferðum með farm kann að vera eingöngu ein vöruskrá tengd hverri ferðaskrá eftir því hvaða aðferð er notuð til að skrá ferðir og/eða eftir því um hvers konar ferð er að ræða. Yfirleitt skulu vöruskrár ekki vera tengdar ferðum án farms (enda þótt heimilt sé að tengja vöruskrár ferðum án farms).

Frekari upplýsingar er að finna í „viðbæti um aðferðafræði“ í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1172/98.

2. SKRÁ YFIR REITI

Eftirfarandi upplýsingar eru gefnar um hvern reit:

- númer reits: tilgreinir staðsetningu reitsins innan skrárinnar,
- breyta: hér er annaðhvort um að ræða tilvísun til breytu í reglugerð (EB) nr. 1172/98 eða innra kennimerki,

- Lýsing: stutt lýsing á innihaldi reitsins,
- kóðun: breytur skal kóða samkvæmt viðaukum A til G í reglugerð (EB) nr. 1172/98. Viðbótarreglur um kóðun koma fram hér. Frekari útskýringar og tilmæli um kóðun er að finna í viðmiðunarhandbók Hagstofu Evrópubandalaganna um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1172/98,
- tegund reits: gefur til kynna hvort reiturinn inniheldur talnagildi eða textabút,
- að undanskilinni breytunni A1.9 skal fylla í alla talnareiti með heilum tölum,
- í breytunni A1.9 skal vera komma („ ,“) og aukastafur,
- valfrjáls breyta: kennimerki fyrir breytur sem eru valfrjálsar samkvæmt viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1172/98,
- hámarks lengd: hámarks lengd gagna í þessum reit. Ekki er hægt að hlaða inn of löngum gögnum,
- lykilreitir: samsett gildi lykilreita í gagnasafni verða að mynda sérstakt lykilgildi innan þess gagnasafns. Ef tvö eins lykilgildi finnast er ekki hægt að hlaða inn gagnasafninu og tengdum gagnasöfnum þar sem ekki er hægt að tengja skrár um ökutæki, ferðir og vörur á réttan hátt.

Gagnasafn A1: breytur tengdar ökutæki

Númer reits	Breyta	Lýsing	Kóðun	Tegund reits	* = Valfrjáls breyta	Hámarks lengd	* = Lykilreitir	Sérstakir kóðar fyrir gildi sem vantar
1	RCount	Skýrslugjafarland	(¹)	Texti		2	*	
2	DSetID	Kennimerki gagnasafns	A1	Texti		2	*	
3	Year	Ártal gagnasafns	4 tölustafir	Texti		4	*	
4	Quarter	Ársfjórðungur sem gagnasafnið á við um	Q1, Q2, Q3 eða Q4	Texti		2	*	
5	QuestN	Kennimerki gagnasafns		Texti		9	*	
6	A1.1	Möguleiki á notkun ökutækis til samsettra flutninga	Enn óákveðið	Texti	*	1		
7	A1.3	Aldur vélknúins ökutækis til aksturs á vegum (vöruflutningabifreiðar eða dráttararbitreiðar)	Í árum frá fyrstu skráningu	Tölustafir		2		99
8	A1.6	Flokkun á starfsemi ökumanns samkvæmt atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 4 tölustafir	Texti	*	5		
9	A1.8.1	Samanlagður fjöldi ekinna km ökutækis á eftirlitstímabili - með hleðslu	km	Tölustafir		4		

Númer reits	Breyta	Lýsing	Kóðun	Tegund reits	* = Valfrjáls breyta	Hámarks- lengd	* = Lykil- reitur	Sérstakir kóðar fyrir gildi sem vantar
10	A1.8.2	Samanlagður fjöldi ekinna km ökutækis á eftirlits-tímabili – tómt (þ.m.t. ferðir dráttarbifreiðar án festivagns)	km	Tölustafir	*	4		
11	A1.9	Mat á ökutækinu, notað til að fá heildstæðar niðurstöður á grundvelli grunn-gagna ef gögnum er safnað með úrtaki		Tölustafir		8		
12	Stratum	Kennimerki lags úrtaksins sem ökutækið kemur fyrir í		Texti		7		
13	A2 link	Fjöldi tengdra A2-skráa	Tölustafir	Tölustafir		5		

(¹) Þessi breyta skal kóðuð með landskóðunum í viðauka G við reglugerð (EB) nr. 1172/98.

Gagnasafn A2: breytur tengdar ferð

Númer reits	Breyta	Lýsing	Kóðun	Tegund reits	* = Valfrjáls breyta	Hámarks- lengd	* = Lykil- reitur	Sérstakir kóðar fyrir gildi sem vantar
1	RCount	Skýrslugjafarland	(¹)	Texti		2	*	
2	DSetID	Kennimerki gagnasafns	A2	Texti		2	*	
3	Year	Ártal gagnasafns	4 tölustafir	Texti		4	*	
4	Quarter	Ársfjórðungur sem gagnasafnið á við um	Q1, Q2, Q3 eða Q4	Texti		2	*	
5	QuestN	Kennimerki spurninga-lista		Texti		9	*	
6	JournN	Kennimerki ferðar		Texti		5	*	
7	A1.2	Samskipan ása	Viðauki B við reglugerð (EB) nr. 1172/98	Texti	*	3		
8	A1.4	Leyfilegur heildarþungi með hleðslu	100 kg	Tölustafir		4		
9	A1.5	Hleðslugeta	100 kg	Tölustafir		4		

Númer reits	Breyta	Lýsing	Kóðun	Tegund reits	* = Valfrjáls breyta	Hámarks- lengd	* = Lykil- reitur	Sérstakir kóðar fyrir gildi sem vantar
10	A1.7	Tegund flutninga	Viðauki A við reglugerð (EB) nr. 1172/98	Texti		1		9
11	A2.1	Tegund ferðar	Viðauki C við reglugerð (EB) nr. 1172/98	Texti		1		
12	A2.2	Þyngd vara	Brúttóþyngd í hundruðum kg	Tölustafir		4		
13	A2.3	Fermingarstaður (vélknúins ökutækis til vöruflutninga á vegum í ferð með farm)	(²)	Texti		5		XX
14	A2.4	Affermingarstaður (vélknúins ökutækis til vöruflutninga á vegum í ferð með farm)	(²)	Texti		5		XX
15	A2.5	Ekin vegalengd: raunverulega ekin vegalengd, að undanskilinni þeirri vegalengd sem vélknúid ökutæki til vöruflutninga á vegum kann að vera flutt með öðru farartæki;	km	Tölustafir		4		
16	A2.6	Fjöldi tonna/km í ferðinni	Tonn/km	Tölustafir		8		
17	A2.7	Lönd sem farið er í gegnum (eigi fleiri en 5)	(²)	Texti		10		
18	A2.8	Staður, ef við á, þar sem vélknúid ökutæki til vöruflutninga á vegum er sett á annað farartæki	(²)	Texti	*	5		XX
19	A2.9	Staður, ef við á, þar sem vélknúid ökutæki til vöruflutninga á vegum er tekið af öðru farartæki	(²)	Texti	*	5		XX
20	A2.10	Hleðslustig ökutækis (sett fram sem hámarksrými sem notað er í ferðinni)		Texti	*	1		9
21	A3 link	Fjöldi tengdra A3-skráa		Tölustafir		8		

(¹) Þessi breyta skal kóðuð með landskóðunum í viðauka G við reglugerð (EB) nr. 1172/98.

(²) Þessi breyta skal kóðuð samkvæmt reglum í viðauka G við reglugerð (EB) nr. 1172/98.

Gagnasafn A3: breytur tengdar vöru (í grunnflutningum)

Númer reits	Breyta	Lýsing	Kóðun	Tegund reits	* = Valfrjáls breyta	Hámarks- lengd	* = Lykil- reitur	Sérstakir kóðar fyrir gildi sem vantar
1	RCount	Skýrslugjafarland	(¹)	Texti		2	*	
2	DSetID	Kennimerki gagnasafns	A3	Texti		2	*	
3	Year	Ártal gagnasafns	4 tölustafir	Texti		4	*	
4	Quarter	Ársfjórðungur sem gagnasafnið á við um	Q1, Q2, Q3 eða Q4	Texti		2	*	
5	QuestN	Kennimerki spurningalista		Texti		9	*	
6	JournN	Kennimerki ferðar		Texti		4	*	
7	GoodsN	Kennimerki vöruflutninga		Texti		6	*	
8	A3.1	Tegund vöru samkvæmt flokkum sem vísa til viðkomandi flokkunar	Viðauki D við reglugerð (EB) nr. 1172/98 (NST/R)	Texti		2		
9	A3.2	Þyngd vara	Brúttóþyngd í hundruðum kg	Tölustafir		4		
10	A3.3	Flokkun hættulegs varnings	Viðauki E við reglugerð (EB) nr. 1172/98 (helstu flokkar tilskipunar 94/55/EB)	Texti		3		
11	A3.4	Tegund farms	Viðauki F við reglugerð (EB) nr. 1172/98 (eins tölustafs þrep í tilmælum Sameinuðu þjóðanna nr. 21)	Texti	*	1		
12	A3.5	Fermingarstaður varanna	(²)	Texti		5		XX
13	A3.6	Affermingarstaður varanna	(²)	Texti		5		XX

Númer reits	Breyta	Lýsing	Kóðun	Tegund reits	* = Valfrjáls breyta	Hámarks- lengd	* = Lykil- reitur	Sérstakir kóðar fyrir gildi sem vantar
14	A3.7	Ekin vegalengd: raunverulega ekin vegalengd, að undanskilinni þeirri vegalengd sem vélknúð ökutæki til vöruflutninga á vegum kann að vera flutt með öðru farartæki	km	Tölustafir		4		

⁽¹⁾ Þessi breyta skal kóðuð með landskóðunum í viðauka G við reglugerð (EB) nr. 1172/98.

⁽²⁾ Þessi breyta skal kóðuð samkvæmt reglum í viðauka G við reglugerð (EB) nr. 1172/98.

3. GILDI SEM VANTAR

Ef ekki er annað tekið fram skulu gildi, sem vantar í gagnaskrár, kóðuð sem tómur reitur (engin gögn milli tveggja tákna í röð sem aðskilja reiti). Í tilteknum reitum kann Hagstofa Evrópubandalaganna að mæla með notkun sérstakra kóða fyrir gildi sem vantar eða önnur sérstök gildi (sjá dálkinn „sérstakir kóðar fyrir gildi sem vantar“).

Nánari upplýsingar eru veittar í handbók um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1172/98 um hagskýrslur um vöruflutninga á vegum.

4. BREYTING Á SAMSKIPAN ÁSA EÐA TEGUND FLUTNINGA

Í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1172/98 er tekið fram að meðan á eftirlitstímabili stendur kunnir að verða breyting á samskipan ása ökutækis (viðtenging eftirvagns breytir samskipan ása og hleðslugetu) eða að tegund flutninga geti breyst frá einni ferð til annarrar. Skrá ber þessar breytingar þótt það sé ekki skylda.

Til að senda megi þessi gögn með þeirri hefðbundnu uppbyggingu gagna sem hér er lýst skal senda breyturnar A1.2, A1.4, A1.5 og A1.7 sem hluta af A2-gagnasafninu (breytur tengdar ferð).

5. SANNSPRÓFUN HAGSTOFU EVRÓPUBANDALAGANNA Á GÖGNUM

Hagstofa Evrópubandalaganna skal láta fara fram sannprófun á þeim gögnum sem aðildarríkin senda inn áður en gögnunum er hlaðið inn í framleiðslugagnagrunninn. Standist verulegur hluta skrána ekki slíka sannprófun skal Hagstofa Evrópubandalaganna tilkynna aðildarríkinu í hvaða skrár eru villur og ástæður þess að ekki er hægt að samþykkja þær. Farið skal fram á það við aðildarríkið að það leiðrétti villurnar, sem tilkynnt er um, og leggi fram að nýju öll þrjú gagnasöfnin fyrir þann ársfjórðung (ekki aðeins þær skrár sem í voru villur). Þessi málsmeðferð er nauðsynleg til að tryggja að vægisstuðlar og samræmi milli skráa um ökutæki, ferð og vörur séu rétt.

Ef einungis eru villur í mjög fáum skrár og áhrif þeirra á hvers kyns greiningu eru að líkindum óveruleg skal Hagstofa Evrópubandalaganna hlaða inn þeim skrár sem standast sannprófun en fleygja þeim sem í eru villur. Í slíku tilviki skal tilkynna aðildarríkinu um það hvaða skrár stóðust ekki sannprófun og ástæður fyrir því. Aðildarríkinu skal boðið að leiðrétta villurnar sem fundust, ef það óskar þess, og leggja fram að nýju öll þrjú gagnasöfnin fyrir þann ársfjórðung (ekki aðeins þær skrár sem í voru villur). Ef gögn eru lögð fram á ný skal Hagstofa Evrópubandalaganna hlaða inn endurskoðuðu gögnunum en ef gögn eru ekki lögð fram að nýju skal Hagstofan notast við gögn, sem hafa þegar verið samþykkt, við undirbúning heildartaflnanna.

6. HEITI GAGNASAFNA

Heiti gagnasafna skulu, samkvæmt STADIUM-kröfunum, vera á forminu „CCYYQnROADx.ZZZ“ sem er samsett á eftirfarandi hátt:

CC	Skýrslugjafarland
YY	2 síðustu tölustafirir í ártalinu (t.d. '01 fyrir árið 2001)

Qn	Ársfjórðungur: n = 1–4
ROADAx	Kennimerking gagnasafns: A1: gagnasafn um ökutæki A2: gagnasafn um ferð A3: gagnasafn um vöru
.ZZZ	tegund gagnasafns: .dat: stök gagnasöfn .zip: þjappað gagnasafn með Pkzip- eða WinZip-sniði.

Dæmi:

- Gagnasafnið „ES99Q2ROADA1.zip“ er þjappað „zip“-gagnasafn sem inniheldur A1-gagnasafn fyrir annan ársfjórðung ársins 1999 fyrir Spán („ES99Q2ROADA1.dat“).
- Gagnasafnið „UK99Q3ROADA2.dat“ er gagnasafn sem inniheldur gagnasafn A2 fyrir þriðja ársfjórðung ársins 1999 fyrir Breska konungsríkið.

Framangreint heiti gagnasafnsins verður að birtast í efnislinu tölvuskeytisins.

7. SENDINGARMÍÐILL

Gögn skulu helst send með sendingarmiðlinum Stadium á pósthfang sem Hagstofa Evrópubandalaganna tilkynnir síðar. Athugið að vissar takmarkanir eru á hámarksstærð tölvuskeytis og því kann að vera að ekki sé hægt að senda stór gagnasöfn í tölvupósti.

8. AÐLÖGUNARTÍMABIL

Á aðlögunartímabilinu er einnig heimilt að senda inn gögn sem ASCII-gagnasöfn með mislögnum reitum. Semikomma („;“) er notuð til að aðskilja reiti.

Allir reitir verða að vera með jafnvel þótt þeir séu tómir (þ.e. tvö merki í röð sem aðskilja reiti).

Líta ber fram hjá aukabilum í gagnareitunum nema sérstakar leiðbeiningar varðandi reit banni að í honum séu aukabil.

Á aðlögunartímabilinu skal Hagstofa Evrópubandalaganna enn fremur taka við gögnum á disklingum eða skrifanlegum geisladiskum (CD-R) sem sendir eru í pósti. Ekki skal tekið við gögnum á segulbandi eða á pappír.

Eftirfarandi reglur gilda á aðlögunartímabilinu um gögn sem send eru í tölvupósti:

- gögn skulu send sem gagnasöfn í viðhengi,
- einungis eitt gagnasafn má fylgja sem viðhengi með hverju tölvuskeyti,
- heiti gagnasafnsins skal sett í efnislinu tölvuskeytisins,
- athugasemdir varðandi gögnin (svo sem aðferðafræðilegar skýringar, athugasemdir um gæði gagnanna o.s.frv.) má setja sem texta án sniðtákna í meginmál skeytisins sem gagnasafnið er sent með í viðhengi. Ekki skal nota sniðinn texta,
- athugasemdir um gögnin má einnig senda í sérstöku tölvuskeyti sem texta án sniðtákna (án þess að gagnasafn fylgi í viðhengi) og er þá „CCYYQnROADAx.rem“ sett í efnislinuna. Ekki skal nota sniðinn texta,
- leiðréttingar: til að leiðrétta gagnaskrá, sem áður hefur verið send Hagstofu Evrópubandalaganna, skal senda leiðrétta gagnasafnið undir sama gagnasafnsheiti ásamt skýringum sem texta án sniðtákna í meginmálsreit tölvuskeytisins.